

Rekstrarstöðvunartrygging vegna vélabilunar

Vátryggingarsamningurinn

Um vátryggingu þessa gildir það sem fram kemur í:

- Vátryggingarskírteini
- Vátryggingarskilmálum, þ.e.:
 - hugsanlegum sérskilmálum, sem koma fram í vátryggingarskírteini
 - skilmálum þessum
- Lögum nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Vátryggingarskírteinið hefur að geyma nánari ákvæði vátryggingarsamningsins sem ekki koma fram í skilmálum þessum. Sérskilmálar í vátryggingarskírteini útvíkka, takmarka eða afmarka nánar gildissvið vátryggingarinnar umfram það sem kemur fram í skilmálum þessum. Að öðru leyti en fram kann að koma í sérskilmálum gilda ákvæði skilmála þessara um vátrygginguna.

Í tilvikum þar sem ákvæðum um sama efni ber ekki saman gilda ákvæði í vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun framfar ákvæðum vátryggingarskilmála og sérskilmálar ganga framfar almennum skilmálum, þó þannig að sértækar reglur ganga ávallt framfar almennum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framfar frávíkjanlegum lagaákvæðum.

Tjónagrunnur

Tiltekna upplýsingar um tjón sem tilkynnt eru í trygginguna eru færðar í tjónagrunn sem Samtök fjármálafyrirtækja reka samkvæmt sérstöku leyfi frá Persónuvernd. Sjóvá-Almennar tryggingar bera ábyrgð á vinnslu upplýsinganna en Creditinfo er vinnsluaðili þeirra. Tilgangur vinnslu upplýsinga í tjónagrunninum er að stemma stigu við tryggingarsvikum og koma í veg fyrir ofgreiðslu tryggingarbóta. Þessar upplýsingar eru skráðar í tjónagrunnin:

- Kennitala tjónþola
- Númer máls hjá félaginu
- Tegund tryggingar
- Tegund tjóns
- Dagsetning tjóns
- Dagsetning skráningar í grunninn
- Nafn viðkomandi vátryggingarfélags
- Staðsetning tjóns
- Einkvæmt númer þess tryggða, s.s. ökutækis.

Starfsmenn tryggingafélaga sem starfa að tjónauppgjöri hafa einir aðgang að upplýsingum í grunninum. Upplýsingunum verður eytt þegar ekki er lengur þörf fyrir þær í þágu tilgangs vinnslunnar, í síðasta lagi þegar tíu ár eru liðin frá skráningu.

Efnisyfirlit

1. gr.	Vátryggingin tekur til:.....	3
2. gr.	Vátryggingin tekur ekki til:	3
3. gr.	Bótatími	3
4. gr.	Biðtími	3
5. gr.	Vátryggingarverðmæti	4
6. gr.	Takmörkun rekstrartaps	4
7. gr.	Bótaákvörðun - Uppgjör tjóns.....	4
8. gr.	Útreikningur bóta	4
9. gr.	Varanleg rekstrarstöðvun	5
10. gr.	Hverjir eru vátryggðir?	5
11. gr.	Gildistími – endurnýjun - réttur til uppsagnar.....	5
12. gr.	Iðgjaldið - gjalddagi - vanskil - uppgjör við slit samnings á vátryggingartímabilinu	6
13. gr.	Vátryggingarfjárhæðir - eigin áhætta - verðbreytingar	6
14. gr.	Brot á upplýsingaskyldu - svik og rangar upplýsingar.....	7
15. gr.	Vátryggður veldur vátryggingaratburði	7
16. gr.	Brot á varúðarreglum.....	7
17. gr.	Háttsemi annarra einstaklinga en vátryggðs - reglur um samsömun.....	7
18. gr.	Áhættubreyting - Aukin áhætta.....	7
19. gr.	Viðbyggingar og endurbætur	8
20. gr.	Undirtrygging	8
21. gr.	Tvítrygging	8
22. gr.	Uppgjörsregla vegna skattafrádráttar eða endurgreiðslu virðisaukaskatts	8
23. gr.	Tilkynning um tjón - ráðstafanir vegna tjóns	8
24. gr.	Frestur til að tilkynna um tjón - fyrning.....	8
25. gr.	Ráðstafanir til varnar tjóni.....	9
26. gr.	Stríð, verkföll, kjarnorka, hryðjuverk, náttúruhamfarir, o.fl.	9
27. gr.	Skýringarákvæði varðandi upplýsingatækni	9
28. gr.	Vátryggingarstaður	9
29. gr.	Endurkröfuréttur	10
30. gr.	Ágreiningur	10
31. gr.	Varnarþing.....	10

1. gr. Vátryggingin tekur til:

- 1.1 Rekstrartaps sem vátryggður verður fyrir vegna samdráttar í sölu vöru og þjónustu sökum þess, að tjón hefur orðið á vátryggðum vélum á vátryggingarstað þeim, sem tilgreindur er á vátryggingarskírteininu, við skyndilegt og ófyrirsjáanlegt atvik af hvers konar tagi með þeirri undantekningu sem tilgreind er í 2. gr.
- 1.2 Forsenda bótaskyldu er að hinum vátryggðu vélum hafi í engu verið ábótavant við afhendingu til vátryggðs, þeim hafi verið komið endalega fyrir og þær hafi verið fullreyndar í gangi.
- 1.3 Greiðsluskylda félagsins takmarkast við rekstrartap sem verður samkvæmt gr. 1.1 á því tímabili sem tilgreint er á vátryggingarskírteininu.

2. gr. Vátryggingin tekur ekki til:

- 2.1 Aukins rekstrartaps vegna verkfalls, verkbanns eða þess að töf verður á því að hefja reksturinn aftur sökum fjármagnsskorts, endurbóta, stækkunar, fyrirmæla hins opinbera eða þess háttar.
- 2.2 Bætur eru ekki greiddar vegna rekstrartaps af völdum:
- 2.3 Tjóns eða taps á olíu eða kælimiðlum eða tjóns sem eingöngu varðar pakkningar, bulluhringi, kila, reimar, bönd, leiðslur, verkfæri, mót, stansa, leturskífur eða aðra slíka hluti sem venjulega þarf að endurnýja við notkun véla.
- 2.4 Tjóns á undirstöðum.
- 2.5 Tjóns sem stafar af ónógri gæslu eða ónógu viðhaldi að því leyti sem það verður rakið til sakar vátryggðs eða starfsmanna sem gegna ábyrgðarstöðu hjá honum.
- 2.6 Tjóns sem stafar af því að meira er lagt á vélar en þær þola eða þær eru ekki notaðar eins og til er ætlast og gerð þeirra leyfir.
- 2.7 Tjóns sem stafar af galla eða annmarka sem var fyrir þegar vátryggingarsamningur var gerður og vátryggðum eða starfsmönnum, sem gegndu ábyrgðarstöðu hjá honum, var eða hefði átt að vera kunnugt um.
- 2.8 Tjóns sem stafar af vátryggingaratburði sem bruna-, þjófnaðar- eða vatnstjónstryggingar ná til.
- 2.9 Tjóns af völdum slits, hægfara eyðingar, ryðskemmda, tæringar, sýringar eða ketilsteins.
- 2.10 Tjóns af völdum vatns- eða sýrugufu eða annarra skaðvænlegra lofttegunda eða ryks ef slíkt fylgir venjulega rekstri vátryggðs.
- 2.11 Tjóns sem seljandi eða flutningsaðili ber skaðabótaábyrgð á skv. samningi eða lögum.
- 2.12 Tjóns á öðrum hlutum, t.d. efnum, vörum eða vélum, en þeim sem tilgreindar eru á vátryggingarskírteini og/eða vátryggingarbeiðni.

3. gr. Bótatími

- 3.1 Bótatími er það tímabil sem tilgreint er á vátryggingarskírteininu og félagið bætir lengst rekstrartap á af völdum bótaskylds tjóns.
- 3.2 Bótatími hefst við lok biðtímans, sbr. gr. 4. gr.
- 3.3 Bótatímanum lýkur í síðasta lagi jafn mörgum mánuðum síðar og tilgreint er á vátryggingarskírteininu og á sama tíma sólahrings sem hann hófst.

4. gr. Biðtími

- 4.1 Vátryggingin tekur ekki til samdráttar í sölu vöru og þjónustu sem stafar af stöðvun - að öllu eða nokkru leyti - á starfsemi vátryggðs á þeim biðtíma sem tilgreindur er á vátryggingarskírteininu.
- 4.2 Biðtími telst frá þeim tíma þegar staðfest er að vátryggingaratburður hafi átt sér stað.

5. gr. Vátryggingarverðmæti

- 5.1 Vátryggingarfjárhæðin skal nema vátryggingarverðmætinu, sbr. gr. 5.2- 5.3. Ef vátryggingarfjárhæðin er lægri en vátryggingarverðmætið er um undirtryggingu að ræða og er ábyrgð félagsins aðeins hlutfallsleg eftir mun þeim sem er á vátryggingarfjárhæðinni og vátryggingarverðmætinu.
- 5.2 Hvað varðar vátryggingu með bóatíma í 12 mánuði eða skemur nemur vátryggingarverðmætið áætlaðri sölu vátryggðs fyrstu 12 mánuðina eftir upphaf bóatímans, sbr. 3. gr., að frádreginni áætlaðri notkun á sama tímabili á:
- aðkeyptum verslunarvörum til endursölu
 - hráefnum og hálfunnum vörum
 - umbúðum og öðrum tilgreindum liðum á vátryggingarskírteini og/eða vátryggingarbeiðni.
- 5.3 Ef vátryggingin er með bóatíma í 18 eða 24 mánuði nemur vátryggingarverðmætið áætlaðri sölu vátryggðs fyrstu 24 mánuðina eftir upphaf bóatímans, sbr. 3. gr., að frádreginni áætlaðri notkun á sama tímabili á þeim liðum sem tilgreindir eru í gr. 5.2.
- 5.4 Með sölu er átt við bókfærða sölu að frádregnum virðisaukaskatti, veittum afslætti eða lækkun söluverðs af öðrum orsökum.

6. gr. Takmörkun rekstrartaps

- 6.1 Ef tjón verður er vátryggðum skylt, að svo miklu leyti sem honum er unnt, að koma í veg fyrir og takmarka áhrif tjónsins, þ.m.t. að leitast við að halda áfram sölu vöru sinnar og þjónustu í því skyni að koma í veg fyrir eða takmarka rekstrartapið.
- 6.2 Vátryggðum er skylt að hafa samvinnu við félagið um ráðstafanir til að koma í veg fyrir rekstrartap eða takmarka það, sbr. gr. 8.5.

7. gr. Bótaákvörðun - Uppgjör tjóns

- 7.1 Uppgjör eftir tjón hefst í síðasta lagi 14 dögum eftir að bóatíma vátryggingarinnar lýkur enda liggi þá fyrir af hálfu vátryggðs reikningslegar upplýsingar um áhrif rekstrarstöðvunar á bóatímanum.
- 7.2 Ef tjón verður fer fram uppgjör á vátryggingarverðmætinu, sbr. gr.5.2 - 5.3.
- 7.3 Vátryggingarverðmætið þannig fundið er notað við útreikning bóta ef það er lægra en vátryggingarfjárhæðin, annars er vátryggingarfjárhæðin notuð. Sú fjárhæð sem lögð er til grundvallar við útreikning bóta nefnist bótagrundvöllur.

8. gr. Útreikningur bóta

- 8.1 Vátryggður á aldrei rétt á hærri bótum en með þarf til þess að bæta tjón það sem hann hefur orðið fyrir og vátryggingin nær til.
- 8.2 Bætur miðast við sama hlutfall af bótagrundvellinum og samdráttur í sölu af völdum tjónsins á bóatímanum af áætlaðri sölu í 12 eða 24 mánuði frá upphafi bóatímans, sbr. 3. gr.
- 8.3 Með sölu er átt við bókfærða sölu að frádregnum virðisaukaskatti, veittum afslætti eða lækkun söluverðs af öðrum orsökum.
- 8.4 Ef útgjöld sparast á bóatímanum lækka bætur að sama skapi.
- 8.5 Samkvæmt samkomulagi við félagið er greiddur eðlilegur kostnaður vegna ráðstafana skv. 6. gr., þó aðeins að því marki, sem þær hafa áhrif á bóatímann, og jafnframt með þeim fyrirvara, að heildarbætur félagsins, þ.m.t. að slíkur kostnaður, verði ekki hærri en ef ráðstafanir skv. 6. gr. hefðu ekki verið gerðar.
- 8.6 Sé um undirtryggingu að ræða lækka bætur skv. gr. 8.5 að sama skapi.

9. gr. Varanleg rekstrarstöðvun

- 9.1 Hefjist atvinnurekstur vátryggðs ekki aftur eftir vátryggingaratburðinn miðast bótafjárhæð við þann tíma, þó ekki lengri tíma en bótatímann, sem eðlilegt má telja að liðið hefði þar til reksturinn gæti hafist aftur.
- 9.2 Af þeirri fjárhæð, sem þannig er reiknuð út, greiðist einungis sá hluti er telja má til óhjákvæmilegs kostnaðar sem vátryggður getur sannað að hann hafi lagt í.
- 9.3 Hafi reksturinn stöðvast af orsökum, sem vátryggður ræður ekki við, greiðast bætur án tillits til ákvæða gr. 9.2.

10. gr. Hverjir eru vátryggðir?

- 10.1 Vátryggingin er til hagsbóta fyrir vátryggingartaka/eiganda hins vátryggða. Vátryggingin er ekki til hagsbóta fyrir aðra aðila svo sem veðhafa eða nýjan eiganda hins vátryggða. Vátryggingin fellur brott við eigendaskipti að hinu vátryggða.

11. gr. Gildistími – endurnýjun - réttur til uppsagnar

- 11.1 Sé ekki annað ákveðið í lögum eða samningi tekur vátryggingin gildi á þeim degi, sem samningur um vátrygginguna er gerður, það er þegar félagið eða vátryggingartaki hefur samþykkt tilboð hins. Vátryggingin gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.
- 11.2 Vátrygging, sem gildir í eitt ár eða lengur, er endurnýjuð fyrir eitt ár í senn, nema vátryggingartaki hafi tilkynnt félaginu um að hann vilji segja vátryggingarsamningnum upp. Vátryggingartaki getur sagt vátryggingunni upp skriflega með mánaðar fyrirvara hvenær sem er á vátryggingartímabilinu og miðast uppsögn við næstu mánaðarmót þar á eftir. Eigi uppsögn að miðast við endurnýjun vátryggingarinnar skal tilkynning um uppsögn berast félaginu í síðasta lagi tveimur vikum fyrir lok vátryggingartímabilsins. Hafi vátryggingartaki ekki lengur þörf fyrir vátrygginguna eða fyrir hendi eru aðrar sérstakar ástæður sem réttlæta uppsögn, getur hann þó sagt vátryggingunni upp með skriflegri tilkynningu til félagsins án sérstaks fyrirvara, sbr. 2. mgr. 14. gr. eða 3. mgr. 75. gr. laga nr. 30/2004.
- 11.3 Þegar vátrygging er tekin vegna atvinnurekstrar, þar sem umfang rekstraraðila samsvarar fleiri en fimm ársverkum eða starfsemi fer að mestu leyti fram erlendis, getur vátryggingartaki aðeins sagt vátryggingunni upp við endurnýjun hennar og skal uppsögn í síðasta lagi hafa borist félaginu einum mánuði fyrir lok vátryggingartímabilsins.
- 11.4 Ef félagið hyggst ekki framlengja vátrygginguna skal tilkynna vátryggingartaka það í síðasta lagi tveimur mánuðum áður en vátryggingartímabilið er á enda. Félagið getur gert breytingar á vátryggingarskilmálum og iðgjaldi vátryggingarinnar. Slíkar breytingar taka gildi frá næstu endurnýjun vátryggingarinnar eftir að tilkynning um þær er send.

- 11.5 Réttur félagsins til uppsagnar á vátryggingartímanum

Félagið getur sagt upp vátryggingunni, ef einhver eftirtalinna atvika eiga við:

1. ef gefnar hafa verið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um áhættuna, með 14 daga fyrirvara, sbr. 21. og 15. gr. laga nr. 30/2004;
2. ef vátryggingartaki hefur viðhaft svíksamlega háttsemi við upplýsingagjöf til félagsins um áhættuna, án fyrirvara, sbr. 21. og 15. gr. eða laga nr. 30/2004;
3. ef vátryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör vátryggingarbóta, með viku fyrirvara, sbr. 47. gr. og 15. gr. laga nr. 30/2004. Auk þess getur félagið í slíkum tilvikum sagt upp öllum vátryggingarsamningum sínum við vátryggðan;
4. eftir að tjón hefur orðið, ef
 - a. vátryggður hefur valdið tjóninu af ásetningi;
 - b. vátryggður hefur brotið gegn varúðarreglum;

- c. fjöldi tjóna á skömmum tíma er meiri en eðlilegt telst, t.d. 3 tjón á 12 mánuðum.

Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 30/2004;

5. ef notkun hins vátryggða eða starfsemi vátryggðs breytist á vátryggingartímanum á þann hátt að:
- a. félagið hefði ekki tekið að sér vátrygginguna ef hinar nýju aðstæður hefðu legið fyrir við töku vátryggingarinnar;
 - b. það hefur áhrif á möguleika félagsins til að endurtryggja áhættuna.

Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 30/2004;

6. við ítrekaðar vanefndir á greiðslu iðgjalds. Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 30/2004.
7. ef alvarlegur trúnaðarrestur verður milli félagsins og vátryggingartaka.

Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. eða 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.

12. gr. Iðgjaldið - gjalddagi - vanskil - uppgjör við slit samnings á vátryggingartímabilinu

- 12.1 Vátryggingartaki skal greiða iðgjald til félagsins. Fyrsta iðgjaldið fellur í gjalddaga þann dag sem vátryggingin tekur gildi. Síðari iðgjöld falla í gjalddaga á fyrsta degi hvers endurnýjunartímabils. Greiðslufrestur skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem félagið sendi tilkynningu um greiðslu til vátryggingartakans.
- 12.2 Krafa um greiðslu iðgjalds verður send vátryggingartaka á það heimilisfang, sem hann hefur tilkynnt félaginu. Sending tilkynningar eða greiðsluseðils jafngildir kröfu um greiðslu. Breytingar á heimilisfangi skal tilkynna félaginu þegar í stað.
- 12.3 Sé iðgjald ógreitt þegar greiðslufresti lýkur, getur félagið sent nýja tilkynningu þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga. Sé iðgjald ekki greitt innan 14 daga frá dagsetningu þeirrar tilkynningar fellur vátryggingin þegar niður, sbr. 33. gr. laga nr. 30/2004.
- 12.4 Þegar vátryggingarsamningi, sem gilda skal í eitt ár eða lengri tíma, er slitið á vátryggingartímabilinu, á félagið rétt á hlutfallslegu iðgjaldi miðað við þann tíma sem vátryggingin var í gildi en endurgreiðir iðgjöld fyrir annað tímabil sem þá þegar er greitt. Sé iðgjald ákveðið árstíðabundið er heimilt að taka tillit til þess við endurgreiðslu iðgjaldsins, sbr. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 30/2004. Sé andvirði hins vátryggða greitt út við altjón og vátryggingin fellur niður af þeim sökum kemur ekki til endurgreiðslu iðgjalds.

13. gr. Vátryggingarfjárhæðir - eigin áhætta - verðbreytingar

- 13.1 Vátryggingarfjárhæðir og fjárhæð eigin áhættu sem getið er um í vátryggingarskírteininu og fjárhæðir sem nefndar eru í skilmálum þessum fylgja þróun verðlags í landinu og breytast mánaðarlega í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs frá upphafsdegi vátryggingartímabilsins svo sem hér segir:
- 13.2 Fjárhæðir sem tilgreindar eru í skilmálum þessum miðast við vísitölu neysluverðs þegar hún var 177,8 stig þann 1. janúar 1997.
- 13.3 Verði hætt að birta framangreinda vísitölu getur félagið miðað breytingar við aðra samsvarandi opinbera vísitölu.
- 13.4 Fjárhæð iðgjalds vátryggingarinnar breytist með sama hætti í samræmi við vátryggingarfjárhæðina eins og hún er á endurnýjunardegi vátryggingarinnar.
- 13.5 Tjón bætast í samræmi við þá vátryggingarfjárhæð sem í gildi er á tjónsdegi. Hið sama gildir um eigin áhættu.
- 13.6 Um vexti af bótafjárhæðum fer samkvæmt 50. gr. laga nr. 30/2004.

14. gr. Brot á upplýsingaskyldu - svik og rangar upplýsingar**14.1** Upplýsingar um áhættuna

Hafi váttryggingartaki eða váttryggður sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu og váttryggingaratburður orðið ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 30/2004.

Hafi váttryggingartaki eða váttryggður með öðrum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 30/2004.

14.2 Upplýsingar við uppgjör bóta

Ef váttryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör bóta fellur niður allur réttur hans samkvæmt þessum og öðrum váttryggingarsamningum vegna hins tiltekna váttryggingaratburðar, sbr. 2. mgr. 47. gr. laga nr. 30/2004. Í slíkum tilvikum getur félagið sagt upp öllum váttryggingarsamningum sínum við váttryggðan með einnar viku fyrirvara, sbr. grein 11.3. í skilmálum þessum.

15. gr. Váttryggður veldur váttryggingaratburði**15.1** Ásetningur

Hafi váttryggður af ásetningi valdið því að váttryggingaratburður varð ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004.

15.2 Stórkostlegt gáleysi

Hafi váttryggður valdið því af stórkostlegu gáleysi að váttryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefði orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004.

16. gr. Brot á varúðarreglum

16.1 Varúðarreglur eru hátternisreglur sem settar eru í því skyni að koma í veg fyrir og takmarka tjón. Það er forsenda fyrir greiðslu bóta að settum varúðarreglum sé ávallt fylgt.

16.2 Hafi váttryggður vanrækt að hlíta varúðarreglum eða öðrum fyrirmælum í váttryggingarsamningi má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 26. gr. laga nr. 30/2004.

17. gr. Háttsemi annarra einstaklinga en váttryggðs - reglur um samsömun

17.1 Ákvæði sem kveða á um að réttur váttryggðs til bóta skerðist eða falli niður vegna athafna eða athafnaleysis váttryggðs, eiga einnig við um bótarétt váttryggðs vegna samsvarandi háttsemi starfsmanna váttryggðs, sbr. 2. og 3. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004.

18. gr. Áhættubreyting - Aukin áhætta

18.1 Váttryggingartaki skal tilkynna félaginu tafarlaust um breytingar sem varða hina váttryggðu áhættu, svo sem ef:

- starfsemi hans eða váttryggt lausafé er flutt á annan stað en getið er á váttryggingarskírteininu;
- aðrar breytingar (t.d. varðandi gerð eða notkun váttryggðra eigna) sem auka hættu á tjóni verða á starfsemi hans eða öðru er váttryggingin tekur til;
- keypt er önnur váttrygging sem tekur til sömu áhættu;
- eigendaskipti verða, þ.á.m. ef rekstrarform breytist.

18.2 Félagið áskilur sér rétt til að segja váttryggingunni upp, sbr. grein 11.3 í skilmálum þessum, eða breyta váttryggingarkjörum ef einhverjar af fyrrgreindum breytingum verða.

18.3 Falli váttryggingin niður endurgreiðist iðgjaldið fyrir þann tíma sem eftir er af váttryggingartímabilinu.

- 18.4 Látí váttryggður hjá líða að tilkynna félaginu um breytingu skv. framansögðu, getur bótaréttur fallið niður að hluta eða öllu leyti samkvæmt reglum 24. og 25. gr. gr. laga nr. 30/2004.

19. gr. Viðbyggingar og endurbætur

- 19.1 Váttryggðum er skylt að tilkynna félaginu tafarlaust um viðbyggingu, endurbætur eða aðra verulega verðaukningu váttryggðrar eignar. Vanræksla þessarar skyldu varðar bótalækkun samkvæmt reglum 24. og 25. gr. laga nr. 30/2004.

20. gr. Undirtrygging

- 20.1 Nauðsynlegt er að váttryggingarfjárhæðin sé í samræmi við verðmæti hins váttryggða. Sé váttryggingarfjárhæðin lægri en verð hinna váttryggðu hagsmuna, er ábyrgð félagsins aðeins hlutfallsleg eftir mun þeim, sem er á váttryggingarfjárhæðinni og verði hins váttryggða.

21. gr. Tvítrygging

- 21.1 Ef hagsmunir þeir sem váttrygging þessi tekur til eru einnig váttryggðir með annarri váttryggingu getur váttryggður valið úr hvaða váttryggingu hann krefst bóta, þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.
- 21.2 Ef fleiri en eitt váttryggingafélag bera ábyrgð á tjóni skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu. Því getur það félag, sem bætir tjónið, endurkafið önnur félög hlutfallslega.

22. gr. Uppgjörsregla vegna skattafrádráttar eða endurgreiðslu virðisaukaskatts

- 22.1 Ef váttryggður getur nýtt kostnað vegna tjóns til skattafrádráttar eða hann á rétt á endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna endurbóta á hinu váttryggða í kjölfar tjóns skulu bætur lækka sem því nemur.

23. gr. Tilkynning um tjón - ráðstafanir vegna tjóns

- 23.1 Þegar tjón er orðið, skal váttryggður tafarlaust skýra félaginu frá því. Sama gildir er hann veit, eða mætti vita um skaðabótakröfu, sem ætla má að váttryggingin taki til, verði gerð á hendur honum.
- 23.2 Ef váttryggingaratburðurinn hefur gerst eða bein hætta er á því að hann muni bera að höndum, ber váttryggðum að reyna að afstýra tjóninu eða draga úr því.
- 23.3 Váttryggður skal gefa félaginu kost á að skoða og meta tjónið áður en viðgerð hefst eða skemmdum munum er ráðstafað.
- 23.4 Vanræksla á þessum skyldum váttryggðs getur varðað lækkun eða missi bóta.
- 23.5 Bæði váttryggður og félagið hafa rétt til þess að óvilhallir matsmenn séu tilkvaddir til þess að ákvarða umfang tjónsins og ákveða upphæð váttryggingarbóta, og velur hvor aðili sinn matsmann. Matsmennirnir tveir velja sér oddamann sameiginlega áður en matið hefst. Sé um ágreining að ræða milli matsmanna, sker atkvæði oddamanns úr um ágreiningsatriði þeirra. Komi matsmenn sér ekki saman um val oddamanns skal hann dómkvaddur. Matsmenn meta og reikna út tjónið, samkvæmt ákvæðum váttryggingarskilmálanna og váttryggingarskráteinisins, m.a. með tilliti til hugsanlegrar váttryggingar undir verði. Matsmenn skulu gera skriflega skýrslu um starf sitt, þar sem fram komi sundurliðað mat og útreikningur á fjárhæð tjónsins. Hvor aðili greiðir sínum matsmanni fyrir matið, en kostnaður vegna oddamanns skiptist jafnt milli aðila.

24. gr. Frestur til að tilkynna um tjón - fyrning

- 24.1 Váttryggður glatar rétti til bóta ef:
1. hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á;
 2. hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað, sbr. 51. gr. laga nr. 30/2004.
- 24.2 Krafa váttryggðs um bætur fyrnist samkvæmt reglum 52. gr. laga nr. 30/2004.

25. gr. Ráðstafanir til varnar tjóni

- 25.1 Þegar vátryggingaratburðurinn hefur orðið eða bein hættu er á því, að hann muni bera að höndum, skal vátryggður reyna að afstýra tjóninu eða draga úr því. Vanræksla í þessu efni getur haft í för með sér lækkun eða missi bóta, sbr. lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

26. gr. Stríð, verkföll, kjarnorka, hryðjuverk, náttúruhamfarir, o.fl.

- 26.1 Félagið bætir ekki tjón eða kostnað sem beint eða óbeint orsakast af styrjöld, innrás, aðgerðum erlendra óvina, ófriðarátökum (hvort sem styrjöld hefur verið lýst yfir eða ekki) borgarastyrjöld, vopnaðri andspyrnu, byltingu, uppreisn, uppreisn gegn yfirvaldi, uppboti, verkfalli, herstjórn eða valdránsstjórn, herlögum eða herkví eða atvik eða orsakir sem ráða úrslitum um að lýst sé yfir gildistöku herlaga eða umsátursástandi.
- 26.2 Félagið bætir ekki tjón eða kostnað sem að einhverju eða öllu leyti stafar beint eða óbeint af eða á upptök sín í eða frá:
1. jónandi geislun eða mengun af völdum hvers konar kjarnorkueldsneytis eða hvers konar kjarnorkuúrgangs eða brennslu kjarnorkueldsneytis;
 2. geislun, eitrun, sprengingum eða öðrum hættulegum eða mengandi eiginleikum frá kjarnorkustöðvum, kjarnaofnum eða öðrum kjarnorkubúnaði eða hluta þeirra;
 3. hvers konar vopnum þar sem beitt er frumeinda- eða kjarnaklofningu og/eða samruna frumeinda eða kjarna eða öðrum svipuðum kjarnahvörfum, geislaafli eða geislandi efni.
- 26.3 Félagið bætir ekki tjón, kostnað eða útgjöld sem beinlínis eða óbeinlínis stafa af lífefnamengun eða efnamengun vegna hvers konar hryðjuverka, án tillits til hugsanlegra samverkandi orsaka.

Hryðjuverk merkir hér verknað, þar með talið en ekki takmarkað við, valdbeitingu eða ofbeldi og/eða hótun um slíkt, af hálfu einstaklings eða hóps einstaklinga, hvort sem hann eða þeir starfa einir sér eða af hálfu eða í tengslum við ein eða fleiri samtök eða stjórnvöld, ein eða fleiri, og sem framinn er í stjórn mála eða trúarlegum tilgangi, í hugsjónatilgangi eða í þjóðernislegum tilgangi eða af slíkum ástæðum, þar með talið í því markmiði að hafa áhrif á stjórnvöld og/eða að vekja ótta hjá almenningi eða hjá hluta almennings.

Mengun merkir hér spillingu, eitrun eða hindrandi og/eða takmarkandi áhrif á notkun hluta og efna vegna áhrifa frá efnasamböndum og/eða lífefnum.

- 26.4 Félagið bætir ekki tjón sökum eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða, vatnsflóða og annarra náttúruhamfara nema annars sé sérstaklega getið.

27. gr. Skýringarákvæði varðandi upplýsingatækni

- 27.1 Eignatjón sem vátryggt er gegn samkvæmt vátryggingu þessari eru efnisleg tjón á eignum sem eignaréttur fylgir.
- 27.2 Efnisleg tjón á eignum sem eignaréttur fylgir taka ekki til tjóna á upplýsingagögnum eða hugbúnaði, einkum skaðlegra breytinga á upplýsingagögnum, hugbúnaði eða tölvuforritum sem orsakast af eyðingu, afbökun eða af því að upphafleg gerð þeirra hefur afmyndast.
- 27.3 Þar af leiðandi eru undanskilin í vátryggingu þessari:
1. Tjón á upplýsingagögnum eða hugbúnaði, einkum skaðlegar breytingar á upplýsingagögnum, hugbúnaði eða tölvuforritum, sem orsakast af því að þeim er eytt, þau afbökðu eða upphafleg gerð þeirra er afmynduð svo og allt rekstrartap vegna stöðvunar eða röskunar á rekstri sem orsakast af slíku tjóni.
 2. Tjón, sem orsakast af því að dregið hefur úr virkni eða notagildi, notkunarviði, eða aðgangi að upplýsingagögnum, hugbúnaði eða tölvuforritum svo og allt rekstrartap vegna stöðvunar eða röskunar á rekstri sem orsakast af slíku tjóni.

28. gr. Vátryggingarstaður

- 28.1 Sé annars ekki getið, tekur vátryggingin aðeins til tjóns er verður á þeim stað sem tilgreindur er í vátryggingarskírteininu.

29. gr. Endurkröfuréttur

- 29.1 Eigi váttryggður fébótakröfu á hendur öðrum vegna bótaskylds tjóns, öðlast félagið þann rétt að svo miklu leyti sem það hefur greitt váttryggðum bætur. Váttryggður skal í slíkum tilvikum gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja kröfuna þar til félagið getur sjálft gætt hagsmuna sinna.

30. gr. Ágreiningur

Verði ágreiningur um váttrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningi sem Ísland er bundið af.

Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum sker úr ágreiningi um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum er vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu og má nálgast upplýsingar og málskotseyðublað vegna nefndarinnar á vefsíðunum www.fme.is og www.sjova.is, auk fyllri upplýsinga um starfssvið og starfsháttu hennar.

Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum skerðir ekki rétt málskotsaðila til þess að leggja málið fyrir almenna dómstóla.

31. gr. Varnarþing

- 31.1 Varnarþing félagsins er í Reykjavík. Mál sem kunna að rísa á hendur félaginu út af váttryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Váttryggingarskilmálar þessir gilda frá 1.júlí 2015 og koma í stað skilmála þeirra sem giltu frá 1. desember 2006.

[Efst á skjal](#)